

A 1832/tillväxt

Flytjandi Norrænt frelsi
Afgreiðsla Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

**Þingmannatillaga
um að einfalda ferlið þegar nýta á heilbrigðisþjónustu í öðru norrænu landi****Tillaga**

Norrænt frelsi leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda

að þær kanni möguleikana á að ríkisborgarar í norrænu landi geti fengið fyrirfram ákveðna lækni meðferð í opinbera heilbrigðiskerfinu í öðru norrænu landi án fyrirfram samþykkis um greiðsluþátttöku heimalandsins og aðeins greitt fyrir hana sjúklingagjöld. Þetta ætti aðeins við í opinbera heilbrigðiskerfinu.

Bakgrunnur

Nú til dags er hægt að fá nauðsynlega lækni meðferð (lækni meðferð sem ekki þolir bið uns heim er komið) í öðru ESB-landi og greiða aðeins sjúklingagjöld fyrir hana. Ef um er að ræða svonefnda fyrirfram ákveðna lækni meðferð þarf að liggja fyrir samþykki um greiðsluþátttöku heimalandsins til þess að aðeins þurfi að greiða sjúklingagjöld fyrir meðferðina. Án slíks fyrirfram gefins samþykkis þarf að leggja út allan kostnað og sækja um að fá hann endurgreiddan frá heimalandinu eftir á (kostnaður við lækni meðferðir sem krefjast innlagnar getur hlaupið á þúsundum evra).

Afgreiðsla slíkra umsókna (bæði um fyrirfram samþykki fyrir greiðsluþátttöku og endurgreiðslu kostnaðar eftir á) getur þegar verst gegnir tekið marga mánuði. Oft er fólk heldur ekki í aðstöðu til að leggja út svo mikinn kostnað í einu lagi. Afgreiðsla umsókna um samþykki fyrir greiðsluþátttöku eða krafna um endurgreiðslur útheimtir töluverða vinnu og hefur talsverðan kostnað í för með sér fyrir tryggingastofnanir landanna auk þess sem hún torveldar fólk að fá lækni meðferð þar sem hún er helst í boði. Vandamálið snertir einkum fólk á landamærasvæðum.

Stokkhólmi, 29. október 2019

Angelika Bengtsson (SD)

Aron Emilsson (SD)

Kaisa Juuso (saf)

Liselott Blixt (DF)

Lulu Ranne (saf)

Paula Bieler (SD)

Riikka Purra (saf)

Vilhelm Junnila (saf)

